# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

| | | |
|---|---|---|
| **Fundarstjóri:** Matthías Imsland | **Fundur nr. :** | **01/2024** |
| **Fundarritari:** Sigurður Páll Steindórsson | **Staður:** | Síðumúli 37 |
| **Fundargestir:**<br>Brynjar Níelsson (BN)<br>Guðný Guðjónsdóttir (GG)<br>Gunnar Björn Helgason (GBH)<br>Hrannar Erlingsson (HE)<br>Matthías Imsland (MI)<br>Sigurður Páll Steindórsson (SPS) | **Dagsetning:** | 10.1.2024 |
| | **Frá kl.:** | |
| | **Til kl.:** | |
| | **Næsti stjórnarfundur:**<br>Ákveðið síðar | |

| **Málsnr.** | **Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:** |
|---|---|
| 1 | <u>Fundargerð síðasta fundar</u><br>Fundargerð síðasta fundar samþykkt. |
| 2 | <u>Landsliðsmál</u><br>Magnús Eiður Magnússon (MEM) fór yfir landsliðsmál. Undirbúningur í fullum gangi fyrir Evrópumótið í sumar og gengur vel.<br>Ákveðið að lið fyrir senior og mixed flokka verði valið af ákveðnum aðila en spilarar í þessum flokkum muni sjálfir greiða allan kostnað við þátttökuna. |
| 3 | <u>Föstudagsbridge fyrir unga spilara úr framhaldsskólanámskeiðum</u><br>MEM greindi einnig frá því að ætlunin er að bjóða upp á opið hús frá kl. 15-19 á föstudögum fyrir krakka úr framhaldsskólanámskeiðunum. MEM mun halda utan um þetta ásamt Indu. Allir fundargestir lýstu yfir mikilli ánægju með þessi áform. |
| 4 | <u>World Bridge Tour</u><br>18 sveitir skráðar til leiks og hafa skipuleggjendur hafa lýst yfir ánægju með allan undirbúning. |
| 5 | <u>Bridgehátíð</u><br>90 sveitir skráðar til leiks og 155 pör. Samþykkt að klára samstarfssamning sem verður kynntur á hátíðinni. |
| 6 | <u>Reksturinn</u><br>Allar skammtímaskuldir hafa verið greiddar og tekist hefur að ná góðum tökum á rekstrinum eftir erfið ár. Þó er ekki mikið svigrúm í rekstri og mikilvægt að finna fleiri styrktaraðila. |
| 7 | <u>Fjárhagsáætlun fyrir 2024</u><br>MI fór yfir uppfærða áætlun fyrir 2024. Samkvæmt henni er reksturinn ca. á núlli en þó ber að taka með í reikninginn að ekki eru allar tekjur í húsi. |

| Málsnr. | Umræður, ákvarðanir, niðurstöður: |
|---|---|
| 8 | <u>Kennsla</u><br>Mikil ásókn í námskeið á vegum Bridgeskólans og almenn ánægja með starfsemina. Þetta hefur þó ekki skilað sér nægjanlega í aðsókn í nýliðabridge.<br>Kennsla í framhaldsskólum á haustönn gekk vel en þarf mikla eftirfylgni. |
| 9 | <u>Bridgespilari ársins</u><br>MI greindi frá hugmynd um að velja bridgespilara ársins. Veittur verður verðlaunagripur, Jónsbikarinn. |